




Heimskringla.



XXXVI. AR

WINNIPEG, MANITOBA, MIDVÍKUDAGINN 5. APRÍL, 1922

NÚMÉR 27

CANADA

Fylkingingur.

Ekki gekk afgreiðsla málanna eins greitt á þinginu síðast liðna viku og búist var við. Samningarnir um að vinna í friði og slýti að því að koma nauðsynjastarfi þess frá og slíta þinginu að því loknu, hafa heldur verið rofinir. Stjórnarandstæðingar hafa sitjað upp á ýmsum málum snertandi fjárveitingar sem ekki var búist við að til kæmu; einnig hefir stjórnin sjálf gert sig seka í svipuðu upptæki. Hvað slíkt á að þýða er ekki auðvelt að skýra frá. Þó er ekki laust við að leggja megi það allt út á einn veg, þann að þingmenn séu með störfum sínum nú á þinginu, að búa hver í huginn fyrir sig við kosningarnar sem fara í hönd. Að vera nú að reyna að kreista í gegn þrýlinga fyrir þetta eða hitt kjördæmið, eins og gert er af sumum þingmönnum allra flokkanna, virðist ekki til annars gert en að koma sér í mjúkinn við kjósendur sína við næstu kosningar. Væri miklu nær að láta slíkt biða þar til eftir kosningar og slíta þessu þingi sem fyrst.

Eitt af því eftirtektaverðasta á þinginu síðastliðna viku var til-laga frá Hon. T. H. Johnson; laut hún að því, að stjórnin hefði ekki haft vald til að afnema Utilities-nefndina fyrir en þetta yfirstandandi þing hefði samþykkt það. Þó þingið samþykkti það í fyrra var það ekki nægilegt til að framkvæma það með öllu, segir hann; hefir hann fundið einhvern laga- enaga fyrir þessu. Tillaga þessi hefir nú verið samþykkt. Er þetta heldur en ekki broslagt. Þessi til-laga fer í gagnstæða átt við til-lögu þá er stjórnin var feld á. En samt er hún samþykkt; virðist sem vanaustýrðingunni með þessu sé gefinn heldur en ekki löðrungr. Að visu setur hún ekki stjórna afur til valda. En það sjá allir hve þetta aflar stjórnninni fylgi við næstu kosningar. Það má, og það réttilega eftir þett athæfi þingsins segja, að stjórnin hafi aldrei verið feld. Þess skal þó geta, að ekki hlaut hún nema 23 atkvæði með tillögunni, en svo margir í andstæðingaflokki hennar voru fjarverandi — þó svari væru á næstu grösum og á eins reykjandi vindlinga í klef-minum — að stjórnnin varð í meiri hluta. Standbridge er áður greiddi atkvæði á móti stjórnninni, fylgdi henni í þetta skifti.

Bernier flutti eflings ræðu á frönsku einn daginn í þinginu. Var hann spurður hvort hann væri að geta gabb að þinginu með þessu þar sem flestir þingmenn gátu skil-ið hann. En einn eða tveir þeirra sögðu að hann væri að tala um efnis, sem þá lá fyrir þinginu; komust að svo miklu. Og þá var ekkert út á það sett þó hann flutti ræðu á frönsku. — Einn sinni greina annálar frá því að ræða hafi áður verið flutt í fylkingunni af galzium manni á hans eigin tungumáli. — Er sagt að Brenier hafi gert þetta til þess að reyna að slíta fyrir því máli að franska væri kenó hér, sem hann hefir bariet fyrir áður.

Sambandsþingið.

Fyrsta atkvæðagreiðslan sem fram hefir farið á sambandsþinginu átti sér þar stað á þriðju-daginn s. l. viku. Var hún í sam-bandinu við fjármálin eða það at-riði þeirra sem gerir ráð fyrir af-námi fjárfestis til heimkominna hermanna. Sú veiting var að lög-um gerð 1919. Þótti þá ekki ann-ur vegur til að sjá hermönnum

borgið en að veita þeim peninga-styrk. Íhaldsflokkurinn var á móti því að þessi styrkur væri afnum-inn og kvað þörfina fyrir hann eins brýna nú og áður. Gerðu þeir þá breytingartillögu við þessa tillögu stjórnninnar og var hún blátt áfram vantraustýrðing á stjórnnina. Kvæðu þeir hana hafa lofað við kosningarnar síðustu, að þessi styrkur skyldi ekki num-inn úr lögun. Voru og ýms önn-ur loforðasvik borin á stjórnnina og umræður all-heitar í sambandi við þessa vantraustýrðingunni. Var loks látið ganga til atkvæða um hana. En svo fjarri fór að stjórnnin stafaði hætta af henni, að hún hlaut 120 atkvæði í meiri hluta. Með vantraustýrðingunni voru aðeins íhaldsflokkurinn, en allir stjórnmennar og bændur á móti, eða alla 162 atkvæði á móti til-lögunni, en 42 með henni. Crer-ar talaði áður en atkvæðagreiðsl-an fór fram og lýsti yfir að hann greiddi stjórnninni atkvæði; sagði að sér virtist frjálslendi flokkur-inn ekki hafa fyrirgert heitri sín-um með þessum áformum sínum, eins og honum væri borið á brýn í sambandi við vantraustýrðing-unna. Væri hann sannfærður um að svo væri, hefði hann greitt atkvæði á móti stjórnninni. En umræðurnar frá báðum hliðum hefðu ekki sannfært sig um það. Varð söfnuður í herbúðum frjáls-lynda flokksins er hann heyrði þetta, enda hafði hann bænda-flokkinn þá vísa með sér. Col. Arthur frá Perry Sound, íhalds-maður, gerði tillöguna og H. T. Stevens frá B. C. studdi; hann var verzlunarmálaráðgjafi Meighen-stjórnninnar síðast. Irvine frá East-Calgary (óháður) og Woods worth frá Winnipeg, verkam-, voru í sætum sínum, en greiddu ekki atkvæði. Ungfrú Phail, eina konan á sambandsþinginu, var fjarverandi.

Atkvæðisréttur kvenna þeirra er samkvæmt stríðalögunum höfðu hann ekki, hefir verið veittur þeim aftur.

Kolaverfallið í Nova Scotia var eitt af íhugunar-efnum þings-ins; hefir það skipað nefnd í að rannsaka kauphækkunarkröfur verkamanna.

Vinbannsmálið verður ekki tek-ið fyrir á þinginu. Hefir stjórnnin gefið báðum aðiljum, bæði vin-bansvinum og fjendum, sem á náðir hennar hafa leitað í því efni, það hreint og beint til kynna, að við það mál verði ekkert átt.

Yfirleitt þykja umræður þings-ins skemtilegar og minna er sagt að kenni í þeim flokksfylgis þing-manna en áður, en efnis sem ura-er rætt þeim mun betur útskýrt.

Verkfall kolanema.

Verkamenn í kolanámum Can-ada og Bandaríkjanna gerðu verk-fall 1. apríl, eins og þeir höfðu ákveðið að gera og áður er um-geitið. Í Canada snertir þetta kola-námurekstur í Alberta, Ontario og Nova Scotia. Í Bandaríkjun-um snertir þetta verkfall ótöluleg-an fjölda manna. T. d. í Wilkes-barre, Pa. eru um 155,000 manns nú vinnulausir. Í Benton í Illinois eru óeirðir all-miklar. Woods-worth, þingm. á sambandsþinginu fyrir Winnipeg, leggur til að því er Canada snertir, að námarnir séu kostaðir og reknir af stjór-ninni. Það skoðar hann einu réttu leiðina til að komast út úr vand-ræðum. Kaup verkamanna segir hann svo lítið, að það sé ekki hægt að lækka nema að setja þeim þá lífshætti sem hvítum síð-udum mönnum séu ósamboðnir. Hvernig þingið tekur í málið er enn ekki kunnugt.

Sir John C. Eaton dæm.

S. l. fimtugdag lézt að heimili sínu í Toronto, Sir John C. Eaton, verzlunarkóngur Canada eins og hann var kallaður. Hann var sonur Timothy Eatons gamla sem á fót kom þinu mikla verzlunar-félagi sem undir nafninu T. Eaton Co., Ltd. gengur og hefir stór-verzlanir víða út um þetta land. Stærstu búðir hans munu þó í Toronto og Winnipeg, en auk þeirra fjöldi annara smærri búða bæði austur og vestur um landið. En eflaust á félag þetta stóð í mörgum öðrum fyrirtækjum, því í stjórnmálum margra annara stofnana var Sir John Eaton en þessara verzlana. T. d. var hann einn af stjórnendum Dominion bankans, C. P. R. félagsins og fjölda annara fyrirtækja. Hann þótti sem faðir hans ör í lund og var fremur hlýtt til vinnufólks-ins; stytta vinnutíma þess, o. s. frv. í allskonar góðgerðafélags-skapi lagði hann of fjár, og stofn-aði nokkur slík félög. Hann kost-aði algert eina herdeild í stríðinu og borgaði öllum er hjá honum unnu og bátt tóku í stríðinu kaup eftir sem áður.

Sir John Eaton var fæddur 28. apríl 1876 í Toronto, og var því ekki fullra 46 ára er hann dó. Hann byrjaði að vinna í búð föð-ur síns og tók sín laun sem hver annar verkamaður hans. Vann svo að segja í hverri deild félags-ins og þekti stórf þess af reynsl-unni. Hann var og vel mentaður, Arið 1901 giftist hann Florence McCre; var hún dóttir John McCre frá Omeme, Ont. Lífti hún man. sinn ásamt fjórum börn-um er þau eignuðust. Sir John var gerður að Knight Bachelor árið 1915.

Vilhj. Stefánsson svarar.

Í blaðinu "Wynyard Advance" eru s. l. viku birt bréf og nokkur skýrteini frá Vilhjálmi Stefánssyni sem svar við árásum þeim er fé-lagar hans hafa gert á hann út af ummælum hans í þeirra garð í bókinni "The Friendly Arctic." Segir Vilhjálmur þar að forsætis-ráðherra Canada, McKenzie King hafi ekki þótt það þess vert að hefja enn rannsókn í sambandi við ferðir hans, en tekur þó ekki fyrir að því kunní að verða hreyft af einhverju þingmanni á sam-bandsþinginu. En þar sem tvær rannsóknir eða fleiri hafa þegar átt sér stað í sambandi við ferðir Vilhjálms, og þær hafa allar orð-ið til þess að störf Vilhjálms hafa verið meiri meira eftir en áður, er ekkert líklegt en að svo fari-enn þó rannsókn verði hafin. Stjórn Canada sendi honum mjög lofsamlega þakkar-vörðuningu fyrir starf hans eftir eina rann-sóknina og eftir aðra var hann gerður að heiðurs-ga í vísinda-félögunum Bandaríkjunum, Rann-sóknir þær aðeins hófu Stefánsson í stað þess að kasta skugga á hann og svo mun eflaust verða, þó á ný verði farið af stað með rannsókn, sem raunar líklegt er, að ekki verði gert.

Lækkun flutningsgjalda?

Ef flutningsgjöld járnbrauta verður fært niður samkvæmt á-kvæðum þeim er um það voru gerð á Crow's Nest fundinum, græða Vesturfylkin 7 til 8 milljón-ir dala á því. Samningur þessi var gerður við C. P. R. félagið en ekki hinar járnbrautirnar. Er samt álitið að C. N. félagið verði að lækka gjöld sín samkvæmt þv, ef framkvæmdir verða á þessu.

BANDARÍKIN.

Bróðir bílkeyrsla.

Frá Los Angeles, Cal. kemur sú fregn að í kappakstri milli bíl-stjóra hafi Tommy nokkur Milton unnið fyrstu verðlaun og farið hraðar en nokkru sinni áður hefir verið farið, eða sem svarar 115,2 mílur á klukkutímanum.

Siamese tvíburarnir.

Siamese-systurnar, tvíburarnir samangrónu, sem sýndar hafa ver-ið um heim allan, eru nýltnar í Chicago og varð lungnabólga þeim að banameini. Josefa tók veikina fyrst og þegar læknar sáu að henni mundi ekki lífvænt vildu þeir skera þær systur í sundur en bróðir þeirra þvertók fyrir að slíkt væri gjört og samkvæmt lögum Illinois ríkis, hlaut sú úrskurður að ráða. Systurnar dóu því með að eins fárra mínútna millibili. Eftir dauða þeirra var rannsókn hafin og kom það þá í ljós að sama mænan lá í gegnum báða líkam-ana, og hefði því uppskurður valdið bráðum dauða.

Systurnar hétu Josefa og Rósa. Rósa giftist þýzkum manni af að-alstigum, sem féll í stríðinu mikla og eignuðust þau son sem er nú 11 ára að aldri og vel efnilegur að öllu leyti. Systur þessar fædd-ust fyrir 42 árum og voru af aust-urrikkum ættum, og er faðir þeirra enn á lífi.

Takmörkun á brúkun eitufagss og neðansjárvarbátum í stríðum, var samþykkt af efni málaforu Bandaríkjanna í Washington s. l. miðvikudag. Atkvæðin féllu 74 með en 1 á móti.

Úr bréfi að summan.

"New Icelandic Cabinet.—Al-though Iceland has been an au-tonomous republic since 1918, it is still part of a so-called personal union with Denmark, and for that reason the king of Denmark is also king of Iceland. In the latter capacity he has just appointed Sig-urdur Eggerz Icelandic premier and minister of justice; Klemens Jonsson, minister of business and occupations, and Professor Mag-nusson Jonsson, minister of finances. The preceding cabinet, headed by Jon Magnusson, resigned in February because of a group of Althing members asked the pre-mier for the resignation."

Greinin hér að ofan er tekin úr dagblaðinu Grand Forks Herald sem getur um nýju stjórna á Ís-landi. Við það hefi eg ekki ann-er að athuga en að eg þykki þess fullviss að vini mínum, séra Jónasi A. Sigurðssyni verði óttu-ing nýja fjármálaráðgjafans sonn gleðisfregn. Í ræðu sem hann hélt á kirkjuþingi í fyrra, harmaði hann það að fjármál heimisins væru í Gyðingahöndum. Nú er fjármál Íslands kominn í hendur á manni sem verið hefir prestur, þar til nýlega að hann hlaut kenn-arastöðu. Það þarf ekki ærna hæfileika eða reynslu til þess að vera fjármálaráðgjafi — á Íslandi Aumingja Ísland! Maður sem al-drei hefir haft önnur umsvif í fjár-málum en þau sem hans eigin heimilisþarfir og einkasakir hafa krafist, eru nú fengin í hendur fjármál þjóðarinnar. — E.

BRETLAND

Konungur fer til Frakklands. George Bretakonungur er mælt að ætli innan skamms að taka sér ferð á hendur til Frakklands; er-lindið er að vitja staða þerra er

At Sea

From the Icelandic of Thorstein Gislason.

You billows eternally driving
Your force at my prow in the gale, —
— Nor weary of storm-wakened striving; —
You shall not compel me to lower my sail!

Ahead you are heaving and falling
And I rush to meet you in glee,
Your force when you strike is appalling.
— But — then you fall spent in the arms of the sea.

Then hard to the windward careering!
— For trusty my vessel and bold.
And true to my course I am clearing,
While helm will respond and the mainmast shall hold!

Jakobina Johnson

Good-Night

From the Icelandic of Gísli Jónsson

Now rests the earth's expansive sweep.
The stars like glowing embers peep.
Weary droop the leaves and flowers,
Evening breezes murmur odes to sleep.
— Softly thrushes lit within the bowers:
"Good-night."

Back from the ocean's silv'ry sands
I know a little cottage stands
Where a craggy hillside reaches,
There to upland herds in peaceful bands
Drones the river on its sandy beaches:
"Good-night."

Beneath those lowly cottage beams
A tiny boy is lost in dreams, —
— Unaware of storms and stresses. —
Breath of spring that all the world redeems,
Whisper to him through your sweet caresses,
"Good-night."

Jakobina Johnson

hermennirnir eru grafnir á er féllu í stríðinu.

Lloyd George og Genf-fundurinn

Tillögu hefir Lloyd George borið upp í enska þinginu, og eru í henni tekin fram ákvæðin er fylgja skal á Genf-fundinum. Stefnu Lloyd George eða stjór-narinnar í því efni er tekið mjög þurlega af almenningi á Englandi. Verði tillaga þessi samt samþykkt, vinnur Lloyd George og stjór-n hans mikið við það. En til þess eru ekki miklar líkur, því sjö breytingartillögur hafa komið í fram við tillögu hans í þessu máli. Lloyd George heldur því fram að Þýskaland geti ekki borgað sínar skuldir fyr en Rússland borgi því skuldir sínar. Og Ísland telur hann ekki fráhræft því, ef við-skifti séu tekin upp aftur við það af umheiminum. Evrópa verði að leggja fram alla krafta sína til þess að hag hennar sé hægt að rétta við, en hún sé ekki að leggja fram nema helming þeirra, ef við-reisin Rússlands sé ekki sint um leið. Hann ve, og Væðala-sam-ingana, Segir þá ekki valda nein-um vandræðum. Þau hafi verið til á en þeir samningar voru til. Þó þeim sé breytt, bæti það ekki úr skák, heldur firri Þýzka-land vandræðunum, en þeim sé þá kastað Frakklandi á herðar. Svo mikla þýðingu er sagt að tillaga þessi hafi, að stjórnnin sama sem stendi eða falli með henni.

Suður-Afríku verkfallið.

Verkfallsuppreistinni í Suður-Afríku er nú lokið. Segir forsætis-ráðherra Smut, að af stjórnnar

liðinu hafi 50 manns verið drepn-ir en 200 særðir. Af verkfalls-mönnum voru 138 drepnir og 287 særðir. Skotverkfæri voru smá-byssur og pistólur á hlið verka-manna og var mikið af því tekið af þeim. Um upptök þessarar ó-eirðar er það að segja, að náma-eigendur í Rand-héraðinu vildu færa kaup verkamanna niður; en verkamenn gerðu verkfall heldur en að taka því þegjandi. Skipaði þó stjórnnin þeim að taka til verka innan viss tíma með þeim kjörum er náma-eigendur buðu. En verka-menn vildu ekki láta kúga sig. Næst voru innfóðdir menn fengn-ir til að byrja vinnu. Það þoldu verkfallmenn ekki sem von var og laust þá upp óeirðum. En að stjórnnin væri að nokkru leyti í hættu stödd nær auðvitað ekki neinni átt, þó fréttirnar í sumum blöðunum gefi það til kynna. Hún hafði safnað að sér herliði löngu áður en út í uppþot var komið og var með það og loftbáta á ferð-inni áður en verkamenn hreyfðu sig. Að verkamenn fengu pen-inga frá Rússlandi til þess að koma þarna af stað byltinu, er auðvitað einber vitleysa og ekki til annars sagt, en að koma sök-inni að þessu uppþoti á hendur verkamönnum, þau breiðu spjót-tíðkast svo öðrið í blöðum, að óskekki ætti að vera, að athygli sé dregin að því.